

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2014

2014/EES/71/02

frá 27. júní 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 frá 18. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósiðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fôðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1404/2013 frá 20. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fôðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er BASF SE) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 5/2014 frá 6. janúar 2014 um breytingu á tilskipun 2008/38/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fôðurs með sérstök næringarmarkmið í huga ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2zzx (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 121/2014):
„2zzy. **32013 R 1365**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013 frá 18. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósiðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fôðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (Stjtið. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31).“
- 2zzz. **32013 R 1404**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1404/2013 frá 20. desember 2013 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 18404), sem fôðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er BASF SE) (Stjtið. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 88).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 14c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/38/EB):
„– **32014 R 0005**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 5/2014 frá 6. janúar 2014 (Stjtið. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 349, 21.12.2013, bls. 88.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 2, 7.1.2014, bls. 3.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 5/2014 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1365/2013 og (ESB) nr. 1404/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.